

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2020/1693**frá 11. nóvember 2020****um breytingu á reglugerð (ESB) 2018/848 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara að því er varðar daginn þegar hún kemur til framkvæmda og tilteknar aðrar dagsetningar sem um getur í þeirri reglugerð**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽¹⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 ⁽²⁾, sem öðlaðist gildi 17. júní 2018, er komið á nýjum reglugerðum um lífræna framleiðslu. Til að tryggja snurðulaus umskipti frá gamla reglugerðum yfir í þann nýja er kveðið á um í þeirri reglugerð að hún komi til framkvæmda 1. janúar 2021.
- 2) Hinn 30. janúar 2020 lýsti Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin því yfir að uppkoma COVID-19 væri alþjóðleg lýðheilsuógn og skilgreindi hana 11. mars 2020 sem heimsfaraldur. COVID-19-heimsfaraldurinn hefur skapað óvenjulegar aðstæður sem krefjast verulegs átaks hjá lífræna geiranum sem ekki var hægt að sjá fyrir með góðu móti þegar reglugerð (ESB) 2018/848 var samþykkt.
- 3) COVID-19-heimsfaraldurinn og tengt hættuástand á sviði lýðheilsu er fordæmalaus áskorun fyrir aðildarríkin og leggur þungar byrðar á rekstraraðila lífrænnar framleiðslu (hér á eftir nefndir rekstraraðilar). Rekstraraðilar leggja því áhersluna á að viðhalda lífrænni framleiðslu og viðskiptaflæði og geta ekki undirbúið sig samtímis fyrir gildistöku nýja reglugerðar samkvæmt reglugerð (ESB) 2018/848. Því er mjög líklegt að aðildarríki og rekstraraðilar verði ekki í stakk búin til að tryggja rétta framkvæmd og beitingu þeirrar reglugerðar frá 1. janúar 2021 eins og upphaflega var gert ráð fyrir.
- 4) Til að tryggja snurðulausa starfsemi lífræna geirans, til að veita réttarvissu og til að komast hjá hugsanlegri röskun á markaði er nauðsynlegt að fresta dagsetningunni þegar reglugerð (ESB) 2018/848 kemur til framkvæmda og tilteknum öðrum dagsetningum, sem um getur í þeirri reglugerð, sem eru leiddar af þeirri dagsetningu.

⁽¹⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 8. október 2020 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 19. október 2020.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 (Stjtíð. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1).

- 5) Að teknu tilliti til umfangs COVID-19-heimsfaraldursins og tengds hættuástands á sviði lýðheilsu, faraldsfræðilegrar þróunar sjúkdómsins sem og viðbótarúræða, sem aðildarríkin, heilbrigðisstofnanir og rekstraraðilar hafa þörf fyrir, er rétt að fresta dagsetningunni þegar reglugerð (ESB) 2018/848 kemur til framkvæmda um eitt ár.
- 6) Nokkrar dagsetningar tengdar undanþágum, skýrslum eða valdheimildum sem framkvæmdastjórninni eru veittar til að fella niður eða framlengja undanþágur leiða beint af dagsetningunni þegar reglugerð (ESB) 2018/848 kemur til framkvæmda. Af þessum sökum þykir einnig rétt að fresta þessum dagsetningum um eitt ár. Viðkomandi dagsetningar voru fastsettar að teknu tilliti til þess tíma sem rekstraraðilar þurfa til að laga sig að því þegar undanþágur eru felldar niður eða sem aðildarríkin og framkvæmdastjórnin þurfa til að afla fullnægjandi upplýsinga um tiltækileika tiltekinna aðfanga, sem undanþágur voru veittar fyrir, eða sem framkvæmdastjórnin þarf til að leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið og til að undirbúa tillögu að nýrri löggjöf eða framseldar gerðir.
- 7) COVID-19-heimsfaraldurinn og tengt hættuástand á sviði lýðheilsu er einnig fordæmalaus áskorun fyrir þriðju lönd og fyrir rekstraraðila með staðfestu í þriðju löndum. Af þessum sökum er rétt, að því er varðar þriðju lönd sem hafa verið viðurkennd sem jafngild skv. 2. mgr. 33. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 843/2007 ⁽³⁾, að framlengja lokadagsetningu gildistíma viðurkenningar þeirra um eitt ár, til 31. desember 2026, til að slík þriðju lönd hafi nægan tíma til að breyta stöðu sinni, annaðhvort með því að gera viðskiptasamning við Sambandið eða með því að rekstraraðilar þar fari að öllu leyti að ákvæðum reglugerðar (ESB) 2018/848, án óþarfa röskunar á viðskiptum með lífrænt ræktaðar vörur.
- 8) Á sama hátt ætti að framlengja lokadagsetningu gildistíma viðurkenningar á eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum í þriðju löndum, sem veitt er skv. 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, um eitt ár, til 31. desember 2024, til að gefa þessum eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum og vottuðum rekstraraðilum þeirra í þriðju löndum nægan tíma til að vinna bug á áhrifunum af COVID-19-heimsfaraldurinum og til að undirbúa sig fyrir nýja reglurammann sem komið er á með reglugerð (ESB) 2018/848.
- 9) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, einkum að tryggja snurðulausa starfsemi lífræna geirans, að veita réttarvissu og að komast hjá hugsanlegri röskun á markaði vegna óvenjulegra aðstæðna af völdum COVID-19 faraldursins, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna áhrifa aðgerðarinnar er Sambandinu heimilt að samþykka ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þeim markmiðum.
- 10) Í ljósi COVID-19-heimsfaraldursins sem hefur leitt til óvenjulegra aðstæðna að því er varðar lífræna framleiðslu, sem krefjast tafarlausra aðgerða, er talið viðeigandi að veita undanþágu frá átta vikna frestinum sem um getur í 4. gr. bókonar 1 um hlutverk þjóðþinga í Evrópusambandinu sem fylgir sáttmálanum um Evrópusambandið, sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu.
- 11) Í ljósi þess hversu brýn þörf er á að tryggja án tafar réttarvissu fyrir lífræna geirann við núverandi aðstæður ætti þessi reglugerð að öðlast gildi sem fyrst eða daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) 2018/848 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2024“ í 4. mgr. 29. gr. kemur „31. desember 2025“.
- 2) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2025“ í annari undirgrein 1. mgr. 48. gr. kemur „31. desember 2026“.
- 3) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2021“ í 49. gr. kemur „31. desember 2022“.

⁽³⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 (Stjtið. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1).

- 4) Ákvæðum 53. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2035“ í 1. mgr. kemur „31. desember 2036“.
 - b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:
 - i. Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 2028“ í inngangshlutanum kemur „1. janúar 2029“.
 - ii. Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2035“ í a-lið kemur „31. desember 2036“.
 - c) Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 2026“ í 3. mgr. kemur „1. janúar 2027“.
 - d) Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 2025“ í 4. mgr. kemur „1. janúar 2026“ og í stað dagsetningarinnar „31. desember 2025“ kemur „31. desember 2026“.
 - e) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2025“ í inngangshluta fyrstu undirgreinar 7. mgr. kemur „31. desember 2026“.
- 5) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2023“ í 1. mgr. 57. gr. kemur „31. desember 2024“.
- 6) Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 2021“ í 60. gr. kemur „1. janúar 2022“.
- 7) Í stað annarrar málsgreinar 61. gr. kemur eftirfarandi:
„Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2022.“
- 8) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:
- a) Í I. hluta er lið 1.5 breytt sem hér segir:
 - i. Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2030“ í annarri málsgrein kemur „31. desember 2031“.
 - ii. Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2025“ í þriðju málsgrein kemur „31. desember 2026“.
 - b) Ákvæðum II. hluta er breytt sem hér segir:
 - i. Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 2023“ í a-lið liðar 1.9.1.1 kemur „1. janúar 2024“.
 - ii. Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 2023“ í a-lið liðar 1.9.2.1 kemur „1. janúar 2024“.
 - iii. Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2025“ í inngangshluta c-liðar í lið 1.9.3.1 kemur „31. desember 2026“.
 - iv. Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2025“ í inngangshluta c-liðar í lið 1.9.4.2 kemur „31. desember 2026“.
 - c) Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 2021“ í annarri undirgrein liðar 3.1.2.1 í III. hluta kemur „1. janúar 2022“.
 - d) Í stað dagsetningarinnar „31. desember 2023“ í lið 1.1 í VII. hluta kemur „31. desember 2024“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. nóvember 2020.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

D. M. Sassoli

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. ROTH

forseti.